



Mennta- og barnamálaráðherra,
Ásmundur Einar Daðason
Borgartúni 33
105 Reykjavík

Reykjavík 23. júlí 2024

Efni: Samræmt námsmat og skýrsla um framkvæmd skólastarfs í grunnskólum

Samkvæmt lögum um umboðsmann barna, nr. 83/1994, er það hlutverk embættis umboðsmanns barna að vinna að því að fullt tillit sé tekið til réttinda, þarfa og hagsmuna barna, með því að setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins. Þá ber umboðsmanni jafnframt að stuðla að því að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálinn, sbr. lög nr. 19/2013, sé virtur ásamt öðrum alþjóðasamningum sem varða réttindi og velferð barna.

Þann 5. júlí sl. voru áform um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (námsmat) birt í samráðsgátt stjórnvalda. Þar eru lagðar til breytingar sem kveða á um heimildir ráðherra til að afla gagna um stöðu nemenda og skólakerfisins í stað samræmdra könnunarprófa og innleiða matsferil sem nýtt námsmatsfyrirkomulag. Í áformum um lagasetninguna kemur fram að matstæki í stærðfræði og lesskilningi verði tilbúið til notkunar í byrjun árs 2025. Samkvæmt umfjöllun í fjölmiðlum hefur forstjóri, Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu sagt að hluti matsferilsins verði hins vegar ekki tilbúinn fyrr enn 2026-2027. Í ljósi framangreinds óskar umboðsmaður barna eftir upplýsingum, eftir atvikum með atbeina Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu um það hvort til staðar sé skýr og heildstæð áætlun um innleiðingu á nýju samræmdu námsmati. Þá óskar umboðsmaður barna eftir að fá aðgang að þeirri áætlun. Einnig óskar umboðsmaður barna eftir að fá upplýsingar um hvenær áætlað sé að nýtt samræmt námsmat verði innleitt að fullu.

Samkvæmt 4. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, ber mennta- og barnamálaráðherra á þriggja ára fresti að leggja fram á Alþingi skýrslu um framkvæmd skólstarfs í grunnskólum landsins sem byggist m.a. á skýrslum sveitarfélaga um skólalald. Ráðuneytið hefur hins vegar ekki lagt fram skýrslu um framkvæmd skólalalds í grunnskólum síðan á 149. löggjafarþingi 2018-2019 og tók sú skýrsla til skólaáranna 2010-2016. Umboðsmaður barna sendi mennta- og barnamálaráðherra bréf vegna þessa þann 13. apríl 2022. Þar lagði umboðsmaður áherslu á að sérstaklega brýnt væri að skýrsla um framkvæmd skólstarfs í grunnskólum yrði sem fyrst lögð fram þar sem sóttvarnarráðstafanir hefðu haft víðtæk áhrif á skólalald. Þá óskaði umboðsmaður jafnframt eftir upplýsingum um það hvenær ráðherra myndi næst leggja fram skýrslu til Alþingis um framkvæmd skólstarfs í grunnskólum. Í bréfi umboðsmanns barna kom fram að ljóst væri að ráðuneytið hafi ekki sinnt þeirri lögbundnu skyldu sinni að leggja á þriggja ára fresti fram skýrslur um framkvæmd skólstarfs, til að gera löggjafarvaldinu kleift að sinna því hlutverki sínu, að veita framkvæmdarvaldinu aðhald og eftirlit.

Svar frá ráðuneytinu barst 3. maí 2022, þar kom fram að ráðherra myndi fyrir lok ársins 2022 leggja fram skýrslu um framkvæmd skólstarfs í grunnskólum sem myndi ná til áráanna 2017-2021. Sú skýrsla hefur ekki enn verið lögð fyrir Alþingi. Umboðsmaður barna óskar hér með eftir upplýsingum um það hvenær skýrsla um framkvæmd skólalalds verði lögð fyrir Alþingi.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 83/1994, um umboðsmann barna, er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu.

Þess er óskað að umbeðin svör og gögn verði send umboðsmanni barna ekki síðar en 19. ágúst nk.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna